

Íþróttavæðum Ísland



Starfshópur menntamálaráðherra um mótun íþróttastefnu, sem skipaður var í byrjun ársins 2005, hefur skilað drögum að [skýrslu](#).

Niðurstöður hópsins hafa verið lagðar fram til kynningar og umræðu en skýrslu hópsins er hægt að nálgast á vef menntamálaráðuneytis. Stefnir er að því að á grundvelli niðurstaðna hópsins og þeim athugasemdum sem berast á næstu mánuðum verði mótuð stefna í íþróttamálum er kynnt verður næsta haust.

Í niðurstöðum starfshópsins segir að það sé eðlileg framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag að sem flestir landsmenn, óháð aldri, búsetu, fjárhag eða öðrum þáttum, stundi íþróttir með einum eða

öðrum hætti sér til heilsubótar. Í því felst að stefnt er að því að fjölga hreyfistudum íslensku þjóðarinnar, jafnt þeirra einstaklinga sem hreyfa sig nær aldrei sem og þeirra sem nú þegar stunda reglulega hreyfingu, og hvetja þá sem þess þurfa að breyta lífsstíl sínum í samræmi við það. Leitast verður við að ná til allra í þjóðfélaginu og skapa þannig almenna vitundarvakningu um hvað er í húfi og hvaða leiðir eru hverjum færar til þess að taka þátt. Auk þess að stuðla að hreyfingu og vellíðan Íslendinga, mun bætt aðstoða til íþróttaiðkunar og aukin almenn þátttaka í íþróttum hafa jákvæð áhrif á íþróttafrek landsmanna á alþjóðavettvangi.

Til að nálgast þessa framtíðarsýn um íþróttavæðingu Íslands leggur starfshópurinn til að sett verði eftirfarandi markmið:

- Að allir Íslendingar hafi tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga.
- Að börn og ungmenni geti stundað íþróttir á samfelldum skóladegi sem gefur færi á auknum samverustudum fjölskyldunnar þ.e. að skólakerfið sjái til þess að hreyfing verði hluti af lífsstíl fólks.
- Að stuðla að jákvæðu hugarfari gagnvart hreyfingu og íþróttum barna og unglinga, í leikskólum og skólum, meðal foreldra, kennara, skólustjóra, yfirvalda, ráðamanna og allra annarra er að uppeldi æsku landsins koma.
- Að mæla með hlutlægum hætti árangur af íþróttastefnu á líkamlegt atgervi þjóðarinnar, sérstaklega barna og unglinga.
- Að stuðla að vakningu meðal almennings, atvinnurekenda og opinberra aðila um mikilvægi almennrar hreyfingar og íþróttastarfs.
- Að meta þörf á aðstoðu til íþróttaiðkunar, nýta betur íþróttamannvirki sem þegar eru til staðar og bæta aðstöðuna þar sem þess er þörf.
- Að auka samvinnu á milli þeirra aðila sem koma að íþróttamálum í landinu.
- Að auka íþróttarárangur Íslendinga á alþjóðavísu.
- Að íslenskt íþróttalíf verði ávallt laust við öðlegga lyfjanotkun.

Í starfshópnum áttu sæti Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og borgarfulltrúi sem var formaður hópsins, Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, Lárus Blöndal, ritari ÍSÍ, Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi, Albert Eymundsson, bæjarstjóri, Gunnlaugur Birgir Gunnlaugsson, varaformaður Fjölnis, Líney R. Halldórsdóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti og Hanna Katrín Friðriksen, framkvæmdastjóri hjá Eimskip.



Menntun og rannsóknir – forsenda þekkingarsamfélags

Vísinda- og tækniráð efndi til opins málþings um mótun vísinda- og tæknistefnu á Hótel Loftleidum þann 15. mars sl. Málþingið bar yfirskriftina *Menntun og rannsóknir – forsenda þekkingarsamfélags* og sóttu það um 120 manns. Málþingið var liður í undirbúningi stefnumótunar Vísinda- og tækniráðs árin 2006-2009. Starfstíma núverandi ráðs fer senn að ljúka og nýtt tekur við til næstu þriggja ára. Málþingið hófst á ávarpi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra og formanns Vísinda- og tækniráðs og síðan greindi ritari ráðsins, Eiríkur Baldursson, frá helstu atriðum í drögum að stefnunni 2006-2009 undir yfirskriftinni *Samræmd sókn*. Vísinda- og tækniráð leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

- að byggja upp mennta- og vísindakerfi sem er í fremstu röð meðal þjóða sem starfi í nánnum tengslum við atvinnulíf og geti brugðist við hraðfara breytingum
- að efla opinbera samkeppnisjóni og sameina þá innan skyldra sviða
- að fyrirtæki og ríkið taki saman höndum um sókn í rannsóknum og þróunarstarfi til að ná betri árangri í arðbærri nýsköpun og alþjóðlegri samkeppnishæfni á grundvelli þekkingar
- að endurskilgreina hlutverk ríkisins í stuðningi við vöktun og rannsóknir í þágu almannaheilla, umhverfisverndar og efnahagsframára með aukinn árangur að leiðarljósi.

Haldin voru fjögur framsöguerindi sem tóku mið af stefnuþrógunum. Framsögumenn voru Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, Gunnar Páll Pálsson, formaður VR og Þorkell Sigurðsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar HR. Að loknum framsöguerindum voru fjórar málstofur sem höfðu sömu yfirskrift og framsöguerindin.

Ævar Kjartansson útvarpsmaður stýrði umræðum að loknum málstofum. Að þeim loknum voru

pallborðsumræður. Í pallborði sátu Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor Landbúnaðarháskóla Íslands, Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP hf. og Viðar Hreinsson, framkvæmdastjóri Reykjavíkurrakademíunnar.

Í umræðunum kom fram almennur stuðningur við drögin að stefnumótun Vísinda- og tækniráðs 2006-2009 auk ýmissa ábendinga. Þar má nefna að gefa þurfi listgreinum og öðrum skapandi greinum meiri gæm þar sem blanda raungreina og slíkra greina skapi oft á tíðum ný Skoða þurfi með hvaða hætti er hægt að laða erlenda doktorsnema og vísindamenn til landsins, hafa þurfi menntun og mannauð í forgrunni og leggja þurfi sérstaka áherslu á nýsköpun og frumkvöðlakennslu í leik- og grunnskólum með því að setja slík ákvæði í aðalnámskrá. Þá var rætt um að huga þurfi sérstaklega að því að búa fyrirtækjum betri aðstöðu til að stunda rannsóknir og þróun, meðal annars með því að nota skattalega hvata.

Samningur um æskulýðsrannsóknir til ársins 2010

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, og Inga Dóra Sigfúsdóttir, stjórnarformaður Rannsóknna & greiningar, undirrituðu nýlega samstarfssamning um æskulýðsrannsóknir til ársins 2010.

Menntamálaráðuneyti hefur allt frá árinu 1992 stuðlað að rannsóknum *Ungt fólk á Íslandi* en Rannsóknir & greining hefur leitt rannsóknarvinnuna frá árinu 1997. Upplýsingar þær sem safnast í slíkum rannsóknum hafa tvíþætt gildi. Annars vegar er um djúpar félagsfræðilegar rannsóknir að ræða sem hjálpa vísindamönnum að greina þá þætti sem mikilvægastir eru meðal ungs fólks. Hins vegar er um að ræða hagnýtan þátt rannsókna þar sem ljósi er varpað á stöðu og þróun í hinum ýmsu þáttum

félagslegs umhverfis ungs fólks. Þá hefur menntamálaráðuneyti látið taka saman yfirlit úr hverri rannsókn um menntun, menningu, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna. Frá upphafi rannsóknanna *Ungt fólk á Íslandi* hefur samstarf við grunn- og framhaldsskóla landsins verið til mikillar fyrirmyndar en góð þátttaka í rannsóknum hefur stuðlað að þeim einstaka árangri og áreiðanleika sem einkenna rannsóknirnar. Skilningur skólafólks á mikilvægi rannsókna af þessu tagi og gott samstarf við skólástjórnendur, kennara og nemendur í öllum grunnskólum og framhaldsskólum landsins er framgangi rannsókna mikils virði.

Rannsóknarupplýsingarnar eru nú notaðar víða um land við stefnumótun í málefnum ungs fólks og skapa þær þann þekkingargrunn er nýstíma m.a. sem grundvöllur stefnumótunar hjá sveitarfélögum, stofnunum, félögum og félagsamtökum.

Móðurmál eru máttur Ráðstefna um nám og kennslu, stefnu og stuðning við móðurmál tvítyngdra

Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um álitamáli í opinberri stefnumótun, drög að námskrám í íslensku sem öðru tungumáli ofl. Dr. Elín Þóll Þórðardóttir, dósent við McGill University verður aðalfyrirlesari á ráðstefnunni og heitir fyrirlestur hennar: *Tvítyngi er hið besta mál þegar málin styrkja hvort annað*. Ráðstefnan verður haldin í Háttíðarsal Háskóla Íslands 17. mars 2006 og hefst kl. 13.00. Ráðstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir. Nánari upplýsingar: <http://simennt.khi.is/modurmal/>

